

Skólaráð Ísaksskóla

FUNDARGERÐ

Dagsetning / Tími:	Þriðjudagur, 6. mars 2012, 8:40 – 09:30
Staður:	Kaffistofa, Ísaksskóli

Mætt: Ísabella, Benedikt, Chien Tai, Elísabet, Sigríður Anna og Þóra Elísabet

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál skólans
3. Skólastarfið 2012-2013
4. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Lá ekki fyrir.

2. Fjármál skólans

- Sigríður Anna fór yfir fjármálastöðu skólans. Eftir að skólinn seldi lóðina þarf borgin að sjá um allt viðhald sem léttir tölvuvert á útgjaldalið skólans. Sigríður Anna sendi borginni erindi um að leiðrétta húsnæðisstyrk sem fylgir alla jafna 5 ára börnum. Borgin segir að skólinn verði að vera með leikskólaleyfi. Sigríður Anna hefur eins og áður hefur komið fram sótt um leikskólaleyfi. Hún vill fá leiðréttinguna aftur í tímann. Nú er beðið eftir svörum frá borginni.
- Skólanefnd er búinn að semja við kennara til eins árs. Samningurinn var samþykktur einróma. Samningurinn kveður á um 3,5% hækkun í mars 2012.

3. Skólastarfið 2012-2013

- Skóladagatalið kynnt. Það er ekki búið að samþykkja það enda á eftir að leggja það fyrir starfsmannafund.

4. Önnur mál

- Nemendafélag stofnað við skólann. Lára og Hugrún halda utan um það. Í félaginu eru níu ára börn.
- Skólinn er byrjaður að undirbúa aðstöðu og kennslu fyrir smíði, heimilisfræði og handmennt. Hluti af Sólbrekku verður lagður undir þetta starf.

Fundi slitið